

# STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 1997

28. apríl 1997

533

Nr. 275

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

### 1. gr.

Frá kl. 21.00 þann 30. apríl 1997 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°26,0'N - 22°05,0'V
2. 63°23,5'N - 21°46,0'V

3. 63°17,0'N - 21°46,0'V
4. 63°17,0'N - 22°05,0'V

### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. apríl 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.